

294. fundur

Mánudaginn 3. apríl 2023, kl. 13:00 kom verðlagsnefnd búvara saman á fjarfundi. Fundinn sátu: Kolbeinn Hólmar Stefánsson, formaður, Björn Snæbjörnsson, varam., Elín Margrét Stefánsdóttir, Hálf dán Óskarsson, Herdís Magna Gunnarsdóttir, Hrannar Már Gunnarsson, Reynir Þór Jónsson og Pálmi Vilhjálmsson. Helga Ingólfssdóttir boðaði forföll. Þá sat einnig fundinn, Arnar Freyr Einarsson, MAR.

Þetta gerðist á fundinum:

1. Iðnaðarlíkan

Lagt var fram reiknilíkan gjaldaliða hjá mjólkursamlögum til mats á breytingum á vinnslu- og dreifingarkostnaði ásamt glærukynningu. Líkanið byggir á rauntölum úr ársreikningi Mjólkursamsölnunar og opinberum hagtölum um þróun rekstrarkostnaðar. Frá síðustu verðákvörðun í desember 2022 til mars 2023 er reiknuð hækkunarþörf líkansins 2,74% vegna vinnslu- og dreifingarkostnaðar.

2. Verðlagning

Á síðasta fundi kom fram að gjaldaliðir verðlagsgrundvallar kúabús hafa hækkað um 4,33% frá síðustu verðlagningu. Að loknum umræðum um niðurstöður reiknilíkana var borin upp tillaga að hækka lágmarksverð mjólkur til bænda og heildsöluverð mjólkurvara til samræmis við þróun framlagðra gagna frá desember 2022 til mars 2023. Tillagan felur í sér að hækka lágmarksverð mjólkur til bænda um 4,33% og heildsöluverð sem nemur veginni hækkun hráefniskostnaðar (mjólk) og vinnslu- og dreifingarkostnaðar um 2,74%. Vegið saman yrði flöt hækkun heildsöluverðs 3,60%.

Tillagan var samþykkt. Lágmarksverð til bænda hækkar um 4,33%, úr 119,77 kr./ltr í 124,96 kr./ltr og heildsöluverð mjólkurvara sem nefndin verðleggur hækkar um 3,60%. Fulltrúar samtaka launþega sátu hjá við atkvæðagreiðslu. Breyting á verði til bænda tekur gildi 1. apríl en heildsöluverðshækkun tekur gildi 12. apríl.

3. Endurskoðun verðlagsgrundvallar

Lagt var fram tilboð Hagfræðistofnunar HÍ og verkáætlun um endurskoðun verðlagsgrundvallar. Umræður. Fram kom að nefndin teldi mikilvægt að henni yrði haldið upplýstri um framgang verkefnisins og að sérstakir fundir yrðu haldnir með verksala á meðan verkefninu stæði. Í tilboðinu er gert ráð fyrir verklokum fyrir árslok 2023 en á fundinum kom fram vilji til að flýta verkefninu eins og kostur er. Samþykkt að beina því til ráðuneytisins að ganga til samninga við Hagfræðistofnun HÍ.

4. Efnainnihald viðmiðunarmjólkur – erindi SAM

Lagt fram erindi SAM um skilgreiningu á efnainnihaldi viðmiðunarmjólkur lágmarksverðs til framleiðenda skv. 8. gr. búvörulaga nr. 99/1993. Í lágmarksverði mjólkur er miðað við að 50% af verðinu sé greitt samkvæmt fituinnihaldi og 50% próteininnihaldi. Miðað er við meðalefnainnihald mjólkur síðustu þrjú ár og er niðurstaða útreikninga að viðmiðunarinnihald mjólkur sé 4,23% fita og 3,40% prótein. Nefndin staðfesti þessa viðmiðun á mjólkurverði.

5. Framleiðslukostnaður sauðfjárafurða og nautgripakjöts

Lögð fram tvö erindi BÍ þar sem lagt er til að verðlagsnefnd meti framleiðslukostnað fyrir meðalbú í sauðfjár- og nautgriparékt. Ekki er um að ræða tillögu um opinbera verðlagningu heldur eins konar verðlagsgrundvöll til mats á framleiðslukostnaði. Með því megi styrkja umræðu og aðgerðir sem snúa að bættri afkomu greinanna. Umræður um óviðunandi afkomu í þessum greinum og að slík reiknilíkön væru gagnleg en einnig um forgangsroðun verkefna og slík verkefni mættu ekki tefja fyrir endurskoðun verðlagsgrundvöll kúabús sem væri forgangsmál. Lagt til að formaður beini erindunum til ráðuneytis. Samþykkt.

6. Önnur mál

Björn S. opnaði umræðu um verðhækkunir og að þessi verðhækkun setti ekki gott fordæmi fyrir almenna verðlagsþróun um þessar mundir. Almennar umræður um verðlagsþróun og ábyrgð nefndarinnar í því sambandi.

Fleira var ekki tekið fyrir. Fundi slitið kl. 13:45.

Kolbeinn Hólmar Stefánsson

Arnar Freyr Einarsson